

Mánudaginn 21. marzmán.

Nr. 9/1887

Rjettvísni

gegn

Guðmundi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, gengnum 10. júlímánadar f. á., var hinn ákærði, Guðmundur Þorsteinsson, dæmdur eptir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga til að sæta 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða endurgjald til Þorláks Gíslasonar á Eskifirði 5 kr. 75 aura, og til að lúka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði.

Þessum dómi er að tilhlutun hlutaðeigandi amtmanns skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Þorsteinssonar, er styðst við annað það, sem komið er fram í málinu, er það löglega sannað, að hann í desembermánuði 1885 ritaði ranglega nafn Þorláks Gíslasonar á Eskifirði undir tvær ávísanir, er veittu honum heimild til að taka út við tvær verðlanir á Eskifirði í reikning Þorláks 5kr. 75 aura virði, og fjekk út á þær að mestu brennivín og tóbak. Þetta brot hins ákærða, sem er fæddur sumarið 1866, og prívegis áður hefur sætt refsingu fyrir einfaldan þjófnað í Reykjavík, hefur hjeraðsdómarinn með rjettu heimfært undir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið eptir tjeðri lagagrein, saman borinni við 58. gr. sömu laga, hæfilega metin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Yfirdómurinn fellst einnig á ákvæði undirdómsins um málskostnað, en iðgjöld verða ekki dæmd í þessu máli, þar eð þeirra hefur ekki verið krafizt. Svo ber

hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og svaramanns fyrir yfirdómi, er skulu ákveðin 10 krónur til hvors.

Að því snertir meðferð málsins í hjerði, skal það tekið fram í fyrsta lagi, að 1 skjal, sem dómshjörðirnar bera með sér að átti að fylgja þeim, hefur ekki komið fram við yfirdóminn, í öðru lagi, að það er vítavert, að hjerðsdómariinn hefur haldið hinum ákærða í varðhaldi eigi skemur en 3 daga, án þess að hann væri leiddur fyrir dómara, og án þess varðhalds-úrskurður væri upp kveðinn, og í þriðja lagi, að það er aðfinningavert, að hjerðsdómariinn hefur stefnt hinum ákærða fyrir aukarjett á manntalsþingi og tekið málið fyrir á manntalsþingi, er síðan var dæmt í aukarjetti, en þó þykir ekki ástæða til þess að láta hjerðsdómara sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina, nje til þess að dæma hinn áfrýjanda dóm ómerkna, með því að málið að öðru leyti hefur verið rekið sem reglulegt sakamál.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lög-
mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á, að því hegningu og máls-
kostnað snertir, að vera óraskaður. Hinn ákærði,
Guðmundur Þorsteinsson, á að greiða allan af áfrýj-
un málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin-
málflytningu- og svaramanns við
yfirdóminn, málflytningu- og svaramanns Hannesar Haf-
steins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors
þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.